

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 27. nóvember 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-63/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 18. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur hafa verið á þjónustu fyrirtækisins Y. Álitsbeiðandi krefst þess að fá endurgreiddan kostnað við skipti á tímareim í bifreið sinni sem hann segir ekki hafa verið rétt framkvæmda. Kostnaðurinn við skipti Y á tímareiminni nam kr. 70.526.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 19. september sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 30. september. Andsvörin bárust nefndinni 29. september. Álitsbeiðanda var gefinn kostur á því með bréfi, dags. 20. október, að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 27. október. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 4. nóvember sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu nefndarinnar.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi lýsir málavöxtum og rökstuðningi á eftirfarandi hátt:

„Þann 12. apríl 2006 var skipt um tímareim í bíl mínum sem ég hafði keypt af Z í nóv. 2005. Aðgerðin var gerð af Y sem var viðurkenndur þjónustuaðili fyrir Z og kostaði kr. 70.526. Innan við viku síðar kviknar vélaljós í mælaborði bílsins svo ég fer með hann aftur á verkstæðið og tengi við tölvu. Þar sem hún les úr bilanir og þeir gera við. En þegar ég kem og næ í bílinn er engin breyting á. Skipt hafði verið um skynjara en bilun enn til staðar, svo að ég lét bakfæra viðgerðina. Þann 19. apríl 2006 fer ég aftur með bílinn í tölvu, hjá Z í þetta sinn, og lesa þeir út úr þessu bilun í skynjurunum (camshaft position sensor og engine speed sensor). Ég fór til Z með þetta mál og taldi þetta vera í ábyrgð en mér var sagt að svo væri ekki, vegna þess að þetta væri rafmagnstengt og það flokkaðist ekki undir ábyrgð. En bílinn var ökuhæfur og mér sagt að það væri í lagi að keyra hann þótt eitt stykki vélaljós væri kveikt, svo að ég hætti að vesenast í þessu í smá tíma.

Svo nú í sumar ('08) voru aksturseyginleikar bílsins mikið breyttir, aflítill, eyddi miklu meira bensíni en áður og drap stundum á sér í kjölfarið af slæmum gangtruflunum. Ég fór því með bílinn í tölvu hjá Z (sem kostaði um 7.000 kr.) og fékk út sömu bilanir og fleiri til. Mér var bent á að skipta fyrst um camshaft position sensor því restin gæti verið keðjuverkun af þessum eina skynjara. Ég skipti um þennan skynjara sjálfur og fór svo með bílinn í tölvu hjá A sem er nú þjónustuaðili fyrir Z. Þar borgaði ég rúmar 3.000 kr. en hefði þurft að borga aðrar 7.000 kr. hjá Z fyrir sömu vinnu. Þar komu í ljós bilanir í sömu tveimur skynjurum og í upphafi þessa máls (camshaft position sensor og engine speed sensor) og það er í eina skiptið sem ég hef séð menn opna vélarhlíf bílsins og spá aðeins í

því hvað gæti virkilega verið að bílnum. Fljótt og örugglega kom svarið, að bíllinn væri sennilega vitlaus á tíma. Ég pantaði tíma hið fyrsta og reyndist tímareimin vera vitlaus um tvær tennur á tannhjóli sem mér er sagt að sé frekar mikið og ég sé heppinn að vélin hafi ekki eyðilagst á þessum tíma.

Ég lét því skipta um tímareimina, sem kostaði kr. 90.289 og er búinn að óska eftir endurgreiðslu frá Y sem gerði þetta vitlaust á sínum tíma. Málið fór fyrir nefnd, var mér sagt, og nýju eigendurnir (B) neita mér um endurgreiðslu og var viðmót þeirra ófaglegt og dónalegt. Tjáðu mér að þetta væri allt tómt rugl í mér og bíllinn hefði aldrei getað gengið þennan tíma ef hann hefði verið vitlaus á tíma og sagðist maðurinn sem talaði við mig hafa ráðfært sig við sérfræðing hjá Z. Þar að auki sagði hann mig vera búinn að keyra bílinn það mikið hvort að hvort eð er þyrfti að skipta um tímareim fljótlega. En það var ekki fyrr en núna í sumar sem uppgötvaðist hvað var að bílnum. Fagmennirnir hjá A segja að bíllinn geti alveg gengið þó að hann sé vitlaus á tíma, en hann gengur kannske ekki eins og hann á að gera.

Ég tel Y ábyrgan í þessu máli og beri að endurgreiða mér þess aðgerð sem ekki var rétt framkvæmd af fagfólki.“

IV

Andsvör gagnaðila

Í andsvörum gagnaðila segir eftirfarandi:

„Miðað við þann akstur sem bifreiðinni var ekið eða tæplega 80.000 km, frá því viðgerð var framkvæmd á Y þar til viðgerð var framkvæmd hjá A, verður að telja fremur ólíklegt að mótör bifreiðarinnar hafi verið vitlaus á tíma eftir viðgerð hjá Y. Ef mótör er vitlaus á tíma hefur hann sömu einkenni allan tímann og því ekki ólíklegt að eitthvað annað hafi orðið þess valdandi að mótör hefur farið yfir á tíma nú í sumar. Þekkt er að slíkt geti hent og almennt er talin þörf á að skipta um tímareim á 70-100.000 km fresti. Eins kemur fram að leitað er með bifreiðina til Z, umboðsaðila C á Íslandi, en í þeirri greiningu kemur fram að skynjarar séu farnir en ekki kemur fram hvort skipt var um þessa skynjara hjá Z. Eftir þetta er bílnum ekið í rúmt ár þar til í sumar að afl hans breytist samkv. lýsingu eiganda.

Miðað við lýsingu eiganda getum við hjá Y ekki séð hver rökin séu fyrir endurgreiðslu fyrri viðgerðar samkvæmt því sem hér að ofan er greint frá.“

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup, lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006. Kærunefndin álítur að viðskipti aðila falli undir lög um þjónustukaup, nr. 42/2000, sbr. 1. tl., 1. mgr., 1. gr. laganna.

Við úrlausn þessa máls hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfróðs aðila samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Samkvæmt upplýsingum álitsbeiðanda skipti Y um tímareim í bifreið hans 12. apríl 2006. Ekki kemur fram hve mikið bifreiðinni hafði þá verið ekið en gera verður ráð fyrir því að það hafi verið svo mikið að tími hafi verið kominn til þess að skipta um tímareimina. Álitsbeiðandi segir ljós hafa kviknað í mælaborði bifreiðarinnar og þá farið aftur með hana til Y þar sem bilanir hafi verið greindar og gert við. Þegar hann hafi sótt bifreiðina hafi engin breyting verið á og hafi hann látið bakfæra viðgerðina. Verður að skilja þetta svo að enn hafi logað ljós í mælaborðinu. Hinn 19. apríl 2006 fór

álitsbeiðandi með bifreiðina til Z og segir að þar hafi verið greind ákveðin bilun í bifreiðinni. Sýnist ekki hafa verið gert við þá bilun, a.m.k. ekki að fullu, en álitsbeiðandi segir að sér hafi verið sagt að óhætt væri að aka bifreiðinni þótt eitt vélarljós logaði svo að hann hafi hætt að „vesenast í þessu í smá tíma“ eins og segir í álitsbeiðninni. Álitsbeiðnina verður að skilja svo að álitsbeiðandi hafi ekið bifreiðinni án nokkurra athugana eða viðgerða, þrátt fyrir að einhver bilun sýnist hafa verið fyrir hendi, þar til síðastliðið sumar, að hann segir bifreiðina hafa misst afl, eytt meira eldsneyti og stundum drepíð á sér í kjölfar slæmra gangtruflana. Fór hann þá með bifreiðina á annað viðgerðaverkstæði og var niðurstaða skoðunar þar að tímareimin hafi ekki verið rétt stillt og rekur álitsbeiðandi það til skiptanna á tímareiminum hjá Y. Í framhaldi af því kveðst álitsbeiðandi hafa krafist endurgreiðslu hjá Y sem hafi verið synjað.

Í 1. málslið 4. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup segir að útseld þjónusta, sem veitt er í atvinnuskyni, skuli ávallt vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti sem tíðkast hverju sinni. Þótt kærunefndin telji vel mögulegt að skiptin á tímareiminum hjá Y hafi ekki verið gerð með réttum hætti telur hún þó ekki hægt á grundvelli gagna málsins að slá því föstu eða því að bilun á bifreiðinni síðastliðið sumar eigi rót sína að rekja til þess. Í 2. mgr. 17. gr. laga nr. 42/2000 segir eftirfarandi: „Ef neytandi kvartar ekki innan tveggja ára frá afhendingardegi hinnar seldu þjónustu getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig.“

Þó að álitsbeiðandi tilgreini ekki nákvæmar hvenær hann varð bilunarinnar var en það hafi verið síðastliðið sumar er ekki hægt að draga aðra ályktun af tímasetningu hans en þá hafi verið liðin rúm tvö ár frá því að Y hafði bifreiðina til viðgerðar í síðara skiptið. Eins og mál þetta liggur fyrir kærunefndinni er álit hennar það að álitsbeiðandi hafi þannig ekki kvartað við Y innan tveggja ára frá afhendingardegi hinnar seldu þjónustu í skilningi tilvitnaðs ákvæðis í 2. mgr. 17. gr. laga nr. 42/2000 og því geti hann ekki nú borið fyrir sig galla á viðgerð fyrirtækisins. Af þessum sökum telur kærunefndin óhjákvæmilegt að hafna kröfu álitsbeiðanda.

VII Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

